

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. mars 2010 í máli nr. S-1189/2009:

Ákærvaldið

(Einar Tryggvason saksóknarfulltrúi)

gegn

Karli Stefáni Hannessyni og

(Ásbjörn Jónsson hdl.)

Vilhjálm Kristni Eyjólfssyni

(Unnar Steinn Bjarndal hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 9. febrúar sl., er höfðað samkvæmt ákæru útgefni af ríkislögreglustjóra 26. október 2009, á hendur Karli Stefáni Hannessyni, kt. 000000-0000, Grundarási 4, Reykjavík, og Vilhjálmi Kristni Eyjólfssyni, kt. 000000-0000, Svölutjörn 59, Reykjanesbæ, fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum framin í rekstri einkahlutafélagsins Jarðvéla, kennitala 000000-0000, sem ákærði Karl Stefán var framkvæmdastjóri og meðstjórnandi fyrir og Vilhjálmur Kristinn var stjórnarformaður fyrir, með því að hafa:

1. Eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna neðangreindra uppgjörstímabila, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð kr. 25.699.936, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil:</i>		<i>Vangoldinn VSK</i>	
		<i>á eindaga:</i>	
Árið 2007			
mars - apríl		kr.	15.949.488

maí - júní		kr.	692.838
júlí - ágúst		kr.	9.057.610
Samtals:		kr.	25.699.936

2. Eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna neðangreindra tímabila, samtals að fjárhæð kr. 78.408.818, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Greiðslutímabil:</i>	<i>Vangoldin staðgreiðsla:</i>		
Árið 2007			
apríl		kr.	10.157.623
maí		kr.	7.031.969

júlí		kr.	21.472.815
ágúst		kr.	11.309.855
september		kr.	12.538.533
október		kr.	11.840.775
nóvember		kr.	4.057.248
Samtals:		kr.	78.408.818

3. Framangreind brot ákærðu samkvæmt 1. og 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

- a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. tölulið ákæru.
- b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu krefjast þess aðallega að verða sýknaðir af ákæru málsins, en til vara að refsing þeirra verði eins væg og lög leyfa og skilorðsbundin að öllu leyti. Í báðum tilvikum krefjast ákærðu þess að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðra verjenda.

Málsatvik

Með bréfi skattrannsóknarstjóra ríkisins til ríkislögreglustjóra, dagsettu 4. nóvember 2008, var vísað til opinberrar rannsóknar máli vegna meints brots ákærðu og Hlyns Jóhannssonar á skattalögum og eftir atvikum almennum hegningarlögum. Var málið sent á grundvelli fyrirliggjandi gagna um rannsókn skattrannsóknastjóra á staðgreiðslu- og virðisaukaskattsskilum einkahlutafélagsins Jarðvéla, sem var úrskurðað gjaldþrota 7. febrúar 2008.

Samkvæmt vottorði Fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra, dagsettu 12. desember 2007, var stjórn Jarðvéla ehf., samkvæmt fundi 15. desember 2006, skipuð ákærða Vilhjálmi Kristni Eyjólfsyni, sem stjórnarformanni, ákærða Karli Stefáni Hannessyni sem meðstjórnanda og Emilíu Kjærnested og Þórlínu Jónu Ólafsdóttur sem varamönnum. Ákærði Karl var skráður framkvæmdastjóri félagsins og fór hann jafnframt með prókúru ásamt Hlyni Jóhannssyni og Vilhjálmi Þór Vilhjálmsyni. Tilgangur félagsins var sagður leiga á vinnuvélum til byggingastarfsemi, gröftur, akstur og jarðvinnsla auk fjárfestingar í verðbréfum og fasteignum.

Í kæru skattrannsóknarstjóra kemur fram að rannsókn hafi leitt í ljós að ákærðu Vilhjálmi Kristni og Karl og fjármálastjóri félagsins, Hlynur Jóhannsson, hefðu vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á þeirri staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna skattaðilans, sem þeim bar að standa skil á fyrir félagið vegna greiðslutímabilanna mars, apríl, maí, júlí, ágúst, september, október og nóvember 2007. Jafnframt hefðu þeir vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á innheimtum virðisaukaskatti sem þeim bar að standa skil á fyrir hönd félagsins vegna uppgjörstímabilanna mars-apríl, maí-júní og júlí-ágúst rekstrarárið 2007. Hlynur Jóhannsson sætir ekki ákæru í máli þessu.

Meðal gagna málsins er yfirlýsing VBS fjárfestingarbanka hf., dagsett 7. nóvember 2007, þar sem kemur fram að bankinn sé, samkvæmt veðskuldabréfum

útgefnum af einkahlutafélaginu Toppnum innflutningi, veðhafi í tilgreindum lóðum í landi Hjalla í Reykjanesbæ, en þinglýstur eigandi lóðanna sé Jarðvélar ehf. VBS staðfesti að samkvæmt beiðni Jarðvéla ehf. verði eftirstöðvum kaupverðs lóðanna að frádregnum kostnaði ráðstafað til Tollstjórans í Reykjavík samtals upphæð allt að 147.000.000 króna. Er yfirlýsingin undirrituð af starfsmanni VBS fjárfestingarbanka og Vilhjálmi Þór Vilhjálmsyni fyrir hönd Jarðvéla ehf., en Vilhjálmur Þór er sonur ákærða Vilhjálms Kristins. Samkvæmt vottorði fyrirtækjaskrár, dagsettu 1. febrúar 2010, er Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson skráður framkvæmdastjóri Toppins innflutnings ehf. og situr í stjórn þess.

Ákærði Karl gaf skýrslu hjá ríkislögreglustjóra 27. febrúar 2009. Ákærði sagði fyrirbyggjandi upplýsingar um skráningu stjórnar og framkvæmdastjórnar vera formlega réttar. Hann hefði þó í raun hætt hjá félaginu vegna veikinda 15. desember 2007. Fjármálastjórn félagsins hefði verið í höndum Hlyns Jóhannssonar sem fjármálastjóra og Vilhjálms Þórs Vilhjálmssonar sem ráðgjafa. Ákærði sagðist sjálfur hafa séð um daglegan rekstur út á við í sambandi við verkefni og annað. Hann hefði að mjög litlu leyti komið að ákvörðunum um fjármálastjórn, þ.e. hvað skyldi greitt og hvað ekki hverju sinni. Þau mál hefðu verið í höndum þeirra Hlyns og Vilhjálms Þórs. Ákærði sagði að fyrri framkvæmdastjóri félagsins hefði hætt störfum í desember 2006 og þá hefði þurft að manna þá stöðu. Hefði hann „í einhverju bríarí“ tekið að sér að vera skráður framkvæmdastjóri, en í raun hefði það einungis verið að nafninu til, þ.e. til að uppfylla formskilyrði. Aldrei hefði staðið til að hann tæki að sér fjármálastjórn eða önnur verkefni af því tagi. Hann hefði ekki áttað sig á því á þessum tíma hvaða skyldur fælust í því að vera skráður framkvæmdastjóri, enda hefði Hlynur verið ráðinn til að sjá um fjármál og Vilhjálmur Þór hefði einnig komið að þeim málum. Ákærði sagði að sér hefði orðið ljóst vorið 2007 að félagið var að lenda í vanskilum. Við tilboðsgerð í verkefni hjá Vegagerðinni um þetta leyti hefði komið fram að félagið væri í vanskilum við Tollstjóra vegna staðgreiðslugjalda og virðisaukaskatts. Hann hefði þó ekki vitað um hvaða fjárhæðir var að ræða, enda hefðu Hlynur og Vilhjálmur Þór verið í samskiptum við Tollstjóra og unnið að því að semja um greiðslur gjaldanna. Ákærði sagði stjórn félagsins ekki hafa tekið neinar formlegar ákvarðanir um skattskil, enda hefðu engir fundir verið haldnir í stjórn á þessum tíma þar sem þessi mál væru rædd.

Ákærði Vilhjálmur Kristinn gaf skýrslu hjá ríkislögreglustjóra 25. febrúar 2009. Ákærði staðfesti að fyrirbyggjandi upplýsingar um skipan stjórnar og framkvæmdastjórn félagsins væru réttar. Hann sjálfur og meðákærði Karl hefðu í sameiningu annast daglega stjórn félagsins, þ.m.t. daglega fjármálastjórn, og þeir hefðu því sameiginlega verið ábyrgir fyrir hvers kyns skattskilum vegna þeirra tímabila sem um ræðir. Sagðist ákærði hafa vitað að ekki var unnt að standa að fullu skil á staðgreiðslugjöldum og virðisaukaskatti á tímabilinu, en hann hefði ekki fylgst með því þannig að hann vissi hverju sinni hvað var í vanskilum eða um hvaða fjárhæðir var að ræða. Karl hefði starfað á skrifstofu félagsins og fylgst betur með stöðu þessara mála ásamt Hlyni Jóhannssyni fjármálastjóra. Þeir hefðu verið í samskiptum við sýslumannsembættið vegna vangoldinna gjalda.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dóminum.

Ákærði Karl sagðist hafa stofnað Jarðvélar ehf. ásamt öðrum árið 1984. Árið 2006 hefðu feðgarnir, meðákærði Vilhjálmur Kristinn og Vilhjálmur Þór,

keypt félagið í gegnum Toppinn innflutning ehf. Hann hefði tekið að sér að vera skráður framkvæmdastjóri á því tímabili sem ákæra lýtur að. Ákærði sagðist gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgdi því að vera skráður framkvæmdastjóri. Hann hefði hins vegar ekki komið nálægt peningamálum hjá félaginu heldur séð um verklegar framkvæmdir úti á vettvangi. Hlynur Jóhannsson fjármálastjóri, Vilhjálmur Þór og meðákærði Vilhjálmur Kristinn hefðu annast daglega fjármálastjórn. Borið var undir ákærða það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu að hann hefði „að mjög litlu leyti“ komið að ákvörðunum um fjármálastjórn, þ.e. hvað skyldi greitt og hvað ekki hverju sinni. Sagðist ákærði aðeins að litlu leyti hafa komið að slíku og þá einvörðungu þannig að hann hefði notað fé úr eigin vasa til að greiða reikninga. Hann hefði ekkert haft með fjármálastjórn félagsins að gera og engin fyrirmæli gefið um hvað skyldi greiða og hvað ekki. Ákærði sagði að aldrei hefðu verið haldnir stjórnarfundir eftir að feðgarnir keyptu félagið. Einu fundirnir sem hefðu verið haldnir hefðu verið vikulegir fundir með verkstjórum á föstudögum.

Ákærði sagði að sér hefði orðið ljóst að stefndi í óefni hjá félaginu þegar fór að líða á árið 2007. Þá hefðu þeir ekki fengið verkefni sem ríkið bauð út vegna þess að í ljós kom að skattgreiðslur voru í vanskilum. Meðákærði Vilhjálmur Kristinn og Vilhjálmur Þór hefðu þá átt samskipti við VBS fjárfestingarbanka, en þaðan hefðu átt að koma peningar til að greiða þessa skuld. Hefðu þeir jafnan haft orð á því að peningar væru að koma úr lóðaverkefninu í Reykjanesbæ. Það hefði hins vegar ekki gengið eftir. Síðari hluta árs 2007 hefði hann loks gert sér grein fyrir því að tekjurnar sem vænst hafði verið voru ekki að skila sér. Ákærði sagðist þá hafa verið búinn að leggja Jarðvélum ehf. til 100.000.000 króna, auk þess sem hann hefði orðið að greiða laun og borga reikninga fyrir félagið. Hann hefði samið við byrgja og greitt þeim til að halda verkum gangandi.

Bornar voru undir ákærða skilagreinar félagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og rafrænar virðisaukaskattskýrslur, vegna þess tímabils sem ákæra tekur til. Ákærði sagðist ekki vefengja þessi gögn, sem hann taldi vera byggð á færðu bókhaldi félagsins.

Ákærði sagði Vilhjálmu Þór Vilhjálmsson alfarið hafa séð um samningagerð við VBS banka.

Ákærði Vilhjálmur Kristinn sagðist hafa verið stjórnarformaður Jarðvéla ehf. árið 2007 og vel gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvíldi á honum sem slíkum. Hann sagði Hlyn Jóhannsson hafa haft prókúru fyrir félagið og alfarið séð um fjármál þess. Borið var undir ákærða það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu að þeir meðákærði Karl hefðu í sameiningu annast daglega stjórn félagsins, þ.m.t. daglega fjármálastjórn og þeir því sameiginlega verið ábyrgir fyrir hvers konar skattskilum vegna tímabilanna sem um ræðir. Ákærði sagði þetta hafa átt við um rekstur félagsins í lokin þegar farið var að ganga illa. Þeir hefðu þá unnið saman að því að reyna að leysa málin. Hann hefði hins vegar ekki annast daglega fjármálastjórn, heldur haft umsjón með verklegum framkvæmdum við Reykjanesbraut. Þá sagði ákærði að Vilhjálmur Þór hefði ekkert komið að fjármálastjórn félagsins. Ákærði sagði að sér hefði þó verið kunnugt um að félagið var komið í vanskil og hefðu þeir þá gengið í að reyna að semja við tollstjóra. Hann vísaði á bug ummælum sem höfð voru eftir Hlyni Jóhannssyni í skýrslu skattransóknarstjóra, að ákærði Karl hefði lagt miklu meiri áherslu á það að standa

skil á sköttum hjá ríkissjóði en þeir feðgarnir Vilhjálmur Kristinn og Vilhjálmur Þór.

Bornar voru undir ákærða skilagreinar félagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og rafrænar virðisaukaskattsskýrslur, vegna þess tímabils sem ákæra tekur til. Sagðist hann ekki vefengja þessi gögn, sem hann taldi vera byggð á færðu bókhaldi félagsins. Engin sérstök ákvörðun hefði verið tekin um að standa ekki skil á staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Fjárhagserfiðleikum væri um að kenna. Þessir fjármunir hefðu farið í rekstur félagsins.

Ákærði sagðist hafa verið í vinnu á Suðurnesjum, en komið annað slagið á skrifstofu félagsins í Reykjavík til að gefa skýrslu um framgang verksins. Meðákærði Karl og Hlynur Jóhannsson hefðu haft aðsetur á skrifstofunni. Ákærði sagðist hafa vitað að bókhald félagsins var fært. Þá hefði verið fundað vikulega með tæknimönnum og verkstjórum.

Ákærði sagði fyrrgreint samkomulag við VBS fjárfestingarbanka hafa átt að tryggja að þegar lóðirnar sem um ræðir seldust myndi andvirði þeirra ganga til greiðslu skuldarinnar við tollstjóra. Hann vissi ekki til þess að yfirlýsingin hefði verið afturkölluð. Toppurinn innflutningur ehf. hefði haft lóðirnar til sölu, en staðið hefði til að andvirðið rynni til Jarðvéla ehf.

Vitnið *Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson* sagðist ekki hafa starfað hjá Jarðvélum ehf. árið 2007. Hann hefði verið framkvæmdastjóri Toppisins innflutnings ehf. og Iceland Motopark ehf., en jafnframt starfað með Jarðvélum ehf. Ákærðu hefðu séð um daglegan rekstur Jarðvéla ehf. Vitnið sagðist ekki vita hver gaf fyrirmæli um greiðslu á sköttum og því um líkt. Hann hefði hins vegar komið að málum þegar til þess kom að tollstjóri ætlaði að innsigla félagið í ágúst eða september 2007. Hann hefði þá átt samningaviðræður við tollstjóra. Hefðu eignir Toppisins innflutnings ehf. verið veðsettar til greiðslu á skuldum Jarðvéla ehf.

Vitnið sagði Toppinn innflutning ehf. hafa keypt hlutabréfin í Jarðvélum ehf. árið 2006. Fjármunir hefðu átt að koma inn í félagið vegna sölu á lóðunum í landi Hjalla. Vitnið sagðist hafa undirritað fyrrgreint samkomulag við VBS fjárfestingarbanka þar sem honum hefði verið falið að ganga frá þessum málum og semja við tollstjóra. Hefði hann verið í samskiptum við yfirlögfræðing tollstjóraembættisins vegna málsins. Hann sagðist ekki vita til þess að VBS fjárfestingarbanki hefði afturkallað yfirlýsinguna og teldi hann samkomulagið enn vera í gildi. Eins og staðan væri nú myndi söluandvirði lóðanna renna til greiðslu skuldarinnar hjá tollstjóra ef lóðirnar yrðu seldar.

Vitnið *Sigrún Kjærnested* sagðist hafa starfað á skrifstofu Jarðvéla ehf. og m.a. séð um útreikning launa og launagreiðslur. Vitnið sagði að áður en fjármálastjóri var ráðinn til félagsins hefðu hún ætíð fengið fyrirmæli frá ákærða Vilhjálmi Kristni og Vilhjálmi Þór um hvað skyldi greiða og hvað skyldi ekki greiða, þ.á m. um greiðslu virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda. Ákærði Karl hefði ekki komið að þessum málum. Fjármálastjóri hefði séð um greiðslu reikninga eftir að hann kom til starfa.

Vitnið *Hilmir Freyr Sigurðsson* sagðist hafa starfað hjá Jarðvélum um árabíl og verið í hálfu starfi á skrifstofu félagsins undir lokin. Vitnið sagði ákærðu hafa

annast verklegar framkvæmdir úti á vettvangi. Vilhjálmur Þór og Hlynur hefðu verið „í pappírnum“ og séð um daglegan rekstur félagsins.

Vitnið *Hlynur Jóhannsson* sagðist hafa tekið til starfa sem fjármálastjóri Jarðvéla ehf. í febrúar 2007. Þá hefði safnast upp tveggja eða þriggja mánaða skuld vegna staðgreiðslu opinberra gjalda og vangoldins virðisaukaskatts. Vitnið sagðist hafa tekið við fyrirmælum um hvernig greiðslum yrði háttað frá feðgunum Vilhjálmi Þór og ákærða Vilhjálmi Kristni, en í einhverjum tilvikum frá ákærða Karli. Hann hefði aldrei fengið fyrirmæli um að greiða ekki skattskuldina, heldur hefði verið lagt fyrir hann hvernig ætti að ráðstafa þeim fjármunum sem til voru. Feðgarnir hefðu rekið félagið frá degi til dags, enda hefðu þeir staðið fyrir langstærsta eignarhluta þess. Karl hefði ekki komið mikið að daglegum rekstri félagsins.

Niðurstaða

Ákærðu bera ekki brögður á að þau brot sem greinir í ákæru hafi verið framin í rekstri Jarðvéla ehf. Þá gera þeir engar athugasemdir við tímabil og fjárhæðir sem tilgreindar eru í ákæru. Ákærðu neita hins vegar sök. Hafa þeir hvor um sig borið fyrir sig að þeir hafi ekki komið að eiginlegri stjórn félagsins og beri því ekki refsíabyrgð vegna brotanna. Ákærðu vísa því á bug að þeir hafi gerst sekir um vanrækslu í skilningi 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt. Þá séu huglægar refsiforsendur ekki fyrir hendi.

Ákærði Karl Stefán ber fyrir sig að hann hafi einungis haft með verklegar framkvæmdir að gera hjá félaginu. Hann hafi staðið í þeirri trú að bókhald félagsins og reksturinn væru í góðu lagi. Hann hafi ekki komið að ákvarðanatöku varðandi fjármál félagsins. Þá hafi hann verið óvinnufær vegna veikinda, en fram er komið að ákærði lagðist inn á sjúkrahús 15. desember 2007 og gekkst undir hjartaaðgerð í kjölfarið.

Ákærði Vilhjálmur Kristinn ber aðallega fyrir sig að í gildi hafi verið greiðslusamkomulag við innheimtumann ríkissjóðs og vísar þá til fyrrnefndrar yfirlýsingar VBS fjárfestingarbanka frá 7. nóvember 2007. Hafi hann því fullnægt skyldum sínum sem stjórnarformaður félagsins og gert ráðstafanir til þess að vangoldin opinber gjöld félagsins verði gerð upp. Þá hafi hann ekki haft yfirsýn yfir þau gjöld sem félagið hafi átt að standa skil á.

Ákærði Vilhjálmur Kristinn var skráður stjórnarformaður Jarðvéla ehf. á þeim tíma sem ákæra tekur til og ákærði Karl Stefán skráður framkvæmdastjóri. Samkvæmt 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 hvíldi á ákærðu rík skylda stöðu þeirra vegna. Bar ákærðu að annast daglegan rekstur félagsins og sjá til þess að skipulag félagsins og starfsemi væri í réttu og góðu horfi, en í því felst m.a. að sjá til þess að staðið sé skil á afdreginni staðgreiðslu og virðisaukaskatti. Samkvæmt því bera ákærðu í sameiningu ábyrgð á þeim brotum sem lýst er í ákæru.

Brot ákærðu voru að verulegu leyti fullframin er yfirlýsing VBS fjárfestingarbanka var undirrituð. Þá er til þess að líta að jafnvel þótt sú yfirlýsing teldist enn í fullu gildi hefur hún enga þýðingu í málinu þar sem Jarðvélar ehf. hafa verið úrskurðaðar gjaldþrota og því ekki á færi þeirra sem undirrituðu yfirlýsinguna að ráðstafa fjármunum með þeim hætti sem í yfirlýsingunni greinir.

Samkvæmt framansögðu hafa ákærðu gerst sekir um þá háttsemi sem í ákæru greinir og eru brot þeirra þar rétt færð til refsíákvæða.

Refsing og sakarkostnaður

Ákærði Karl er fæddur í janúar 1950, en ákærði Vilhjálmur Kristinn í desember 1954. Ákærðu hafa ekki sætt refsingu svo vitað sé. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að brotaandlag nemur háum fjárhæðum. Refsing verður ákveðin samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærðu hvors um sig hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda verða ákærðu jafnframt dæmdir til að greiða hvor um sig 104.110.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 6 mánaða fangelsi í stað sektarinnar greiðist hún ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Karl greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásbjörns Jónssonar héraðsdómslögmanns, 928.700 krónur, auk aksturskostnaðar að fjárhæð 42.230 krónur. Ákærði Vilhjálmur Kristinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnars Steins Bjarndal héraðsdómslögmanns, 690.250 krónur, auk aksturskostnaðar að fjárhæð 42.230 krónur. Málsvarnarlaun taka til vinnu verjenda á rannsóknarstigi málsins og við meðferð þess fyrir dómi og eru ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Einar Tryggvason saksóknarfulltrúi.

Ragnheiður Harðardóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærðu, Karl Stefán Hannesson og Vilhjálmur Kristinn Eyjólfsson, sæti hvor um sig fangelsi í 12 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar ákærðu og hún falla niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði hvor um sig 104.110.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi 6 mánaða fangelsi í stað sektarinnar greiðist hún ekki innan fjögurra vikna.

Ákærði Karl greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásbjörns Jónssonar héraðsdómslögmanns, 928.700 krónur, auk aksturskostnaðar, 42.230 krónur.

Ákærði Vilhjálmur Kristinn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Unnars Steins Bjarndal héraðsdómslögmanns, 690.250 krónur, auk aksturskostnaðar, 42.230 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir